

Leiðbeiningar við gerð lokaskýrslu

Heiti verkefnis: Vinaliðaverkefni

Styrkþegar: Guðrún Arna Sigurðardóttir, Hreinn Októ Karlsson, Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir

Verkefnisstjóri: Margrét Harðardóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Helsta markmið Vinaliðaverkefnisins er að bjóða öllum nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í frímínútum, þannig að allir finni sér eitthvað við sitt hæfi.

- Markmið Vinaliðaverkefnisins er að auka ánægju og öryggi nemenda
- Vinaliðaverkefnið er liður í að styðja við jákvæðan skólabrag
- Allir nemendur í 5.-7.bekk fá tækifæri á að vera tilnefnd og fá það hlutverk að vera Vinaliðar - sjá um leiki sem eiga að höfða til nemenda eftir aldri í frímímínútum. Þessir nemendur, fá til þess þjálfun og stuðning frá starfsfólki skólans. Fyrir störf sín fá þeir að launum uppskeruhátíð t.d. út að borða, bío . Verkefnisstjórar vinaliðaverkefnisins hjá Árskóla sjá um að halda árlega námskeið fyrir starfsfólk og nemendur sem eru Vinaliðar.
- Meginmarkmið verkefnisins er að efla vináttu, virðingu og ánægju nemenda.
- Markmiðið er að bjóða uppá skipulagða leiki sem lúta ákveðnum leikreglum á ákveðnum dögum undir handleiðslu kennara í frímínútum. Það á að henta öllum nemendum óháð atgervi þeirra og stöðu.
- Vinaliðaverkefnið sýnir nemendum kosti þess að eiga jákvæð samskipti

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis

September 2016 – Vinaliðaverkefnið kynnt nemendum í 5.-7. Bekk, í framhaldi af því tilnefndu nemendur 4 stelpur og 4 stráka úr sínum bekk, sem þau töldu að væru best til þess fallin að sinna starfi vinaliða. Verkefnastjórar völdu svo 2 stelpur og 2 stráka úr hverjum bekk og höfðu tilnefningar bekkjarins til hliðsjónar.

Október 2016 – Vinaliðar og verkefnastjórar frá Hofsstaðaskóla fóru á leikjanámsskeið sem haldið er á vegum verkefnisins á Íslandi. Námskeiðið var haldið í TM-höllinni og voru vinaliðar og verkefnastjórar frá Sjálandsskóla með á námskeiðinu.

Desember 2016 – fyrri hluta verkefnisins þennan vetur lauk.

Janúar 2017 – Þakkardagur Vinaliða. Vinaliðar fá þakkardag, þar sem þeim er þakkað vel unnin störf. Dagurinn er frá 8:30 – 14:00. Hópurinn byrjaði á að ganga í Ásgarð og lék hópurinn sér saman í fimleikasalnum. Hópurinn fékk hádegismat sem kom í Ásgarð og að honum loknum var tekinn strætó í

Mjóddina og þar farið í Bío ásamt því að hópurinn fékk popp og drykk. Að lokum var farið með strætó í Hofsstaðaskóla og hópurinn kvaddur.

Janúar 2017 – Verkefnið kynnt í öllum nemendum í 5.-7. Bekk og í framhaldi tilnefndu nemendur á sama hátt og gert var fyrir jól.

Febrúar 2017 – Vinaliðar ásamt verkefnastjóra fóru á leikjanámsskeið sem haldið er á vegum verkefnisins á Íslandi. Námskeiðið var haldið í Ásgarði og var Hofsstaðaskóli ásamt Flataskóla og Sjálandsskóla á námskeiðinu.

Júní 2017 – Þakkardagur Vinaliða, haldinn með sama sniði og í janúar, fimleikasalur, hádegismatur, bío, popp og drykkur.

Alls voru 36 vinaliðar sem störfuðu á hvorri önn. Aðra hverja viku var skipulagsfundur þar sem vinaliðar voru settir saman í tveggja til fjögurra manna hóp af verkefnastjórum. Hópurinn kom sér saman um hvaða tvo leiki þau ætluðu að bjóða uppá næstu tvær vikurnar. Að skipulagsfundi loknum settu verkefnastjórar skipulagið upp á *power point* skjal sem svo var bæði hengt upp á vegg við útgang hvers árgangs og einnig birt á skjá í miðrými skólans.

Mikilvægt er að raða vandlega í hópana til þess að það sé sem fjölbreyttastur hópur á stöðvunum.

Fyrir jól störfuðu vinaliðar 2 frímínútur á viku, mánudaga og miðvikudaga eða þriðjudag og fimmtudag. Verkefnið var í gangi í fyrri frímínútum miðstigs.

Eftir jól var ákveðið að verkefnið væri í seinni frímínútum miðstigs. Einnig var gerð tilraun í 2 vikur þar sem að vinaliðar störfuðu einungis í 1 frímínútum á viku.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Til stóð að innleiða verkefnið á yngra stigi í september 2016. Það tókst því miður ekki. Verkefnið er tímafrekt og krefst mikils af verkefnastjórum. Skipulagsfundir, uppsetning á skipulagi og eftirfylgni á verkefninu í frímínútum tekur mikinn tíma og því erfitt að stækka hópinn að svo stöddu.

Mat á verkefninu

Verkefnið gekk mjög vel, nemendur eru almennt ánægðir með verkefnið og vilja halda því áfram. Meðfylgjandi eru niðurstöður könnunar um verkefnið sem lagt var fyrir nemendur 5.-7. Bekkjar.

Verkefnið gekk betur fyrir jól og má þar meðal annars kenna um breytingunum sem gerðar voru um áramót. Það hentar verkefninu verr að fara fram í seinni frímínútum. Auk þess var það ekki gott fyrir verkefnið að fækka starfsdögum hvers vinaliða. Það varð til þess að stöðvar voru færri og verkefnið þar af leiðandi minna áberandi.

Hugsanlega mætti setja meiri stýringu á hvaða leikir eru í boði í hvert sinn, til að halda við fjölbreytileika þeirra leikja sem í boði eru.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks 802.000kr

Laun	
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	
Gögn	

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Ákveðið var að fara af stað með þetta verkefni til þess að breyta og bæta hegðun og samskiptum nemenda í frímínútum. Tilganginum var að mörgu leyti náð. Nemendur urðu meðvitaðri um hvað væri rétt og hvað ekki í samskiptum. Nemendur kynntust mörgum nýjum og skemmtilegum leikjum auk þess sem rifjaðir eru upp leikir. Nemendur urðu almennt virkari í frímínútum.

Lengd lokaskýrslu skal taka mið af umfangi verkefnis og getur að hámarki verið 10 blaðsíður